



Innkaupalistar 2016 - 2017

1.-4. bekkur

Skólinn sér um innkaup á stílabókum og reikningsbókum fyrir nemendur. Þægilegt er að allir nemendur séu með eins bækur t.d. sömu rúðustærðir í reikningsheftum og línubil í stílabókum.

Skólinn sér einnig um innkaup á öllum ritföngum sem þarf að nota allan veturinn. Umsjónarkennarar telja að af þessu gæti hlotist vinnuhagræðing bæði fyrir nemendur og kennara. Efnisgjald verður innheimt í haust við skólabyrjun og verður kr. 3400.

Markmiðið með þessu er: þjónusta við heimilin svo ekki þurfi að fara í innkaupaferð; allir hafi sambærileg ritföng og síðast en ekki síst getum við lækkað ritfangakostnað foreldra verulega.

Skriffæri, litir, (túss og tré), strokleður, yddarar, límstifti og skæri munu vera sameign í skólanum og hafa þar allir jafnan aðgang að þeim. Plastvasar A4 með rennilás (koma í stað teygjumöppu) verða undir ritföngin og merktir hverjum nemanda.

Eina sem óskað er eftir að nemendur komi með í töskunni er harðspjaldamappa með tveim götum. Sumir eiga nú þegar svona möppur í skólanum og þurfa ekki aðra.

5.-6. bekkur

Í pennaveskið:

- Ⓢ blýpenni, blý og penni
- Ⓢ lím
- Ⓢ litir (trélitir) tússlitir ef vill.

Athugið að sumt af þessu er til frá fyrra ári og óþarfi að kaupa allt nýtt.

Skólinn sér um innkaup á möppum, stílabókum, reikningsbókum, strokleðrum, gráðubogum og reglustikum fyrir nemendur. Þægilegt er að allir nemendur séu með eins bækur t.d. sömu rúðustærðir í reikningsheftum og línubil í stílabókum. Umsjónarkennarar telja að af þessu gæti hlotist vinnuhagræðing bæði fyrir nemendur og kennara. Efnisgjald verður innheimt í haust við skólabyrjun og verður kr. 3200.

7. bekkur

Í pennaveskið:

- Ⓢ blýantar og penni
- Ⓢ strokleður og yddari
- Ⓢ reglustika og gráðubogi
- Ⓢ vasareiknir
- Ⓢ litir (trélitir) tússlitir ef vill.
- Ⓢ hringfari
- Ⓢ skiptiblöð

Athugið að sumt af þessu er til frá fyrra ári og óþarfi að kaupa allt nýtt.

Skólinn sér um innkaup á stílabókum og reikningsbókum fyrir nemendur. Þægilegt er að allir nemendur séu með eins bækur t.d. sömu rúðustærðir í reikningsheftum og línubil í stílabókum. Umsjónarkennarar telja að af þessu gæti hlotist vinnuhagræðing bæði fyrir nemendur og kennara Efnisgjald verður innheimt í haust við skólabyrjun og verður kr. 1900.

8. bekkur

- Ⓢ skiptiblöð
- Ⓢ 2-3 stílabækur A4 með rifgötum
- Ⓢ 2 reikningsbækur A4 með rifgötum
- Ⓢ 3 A5 stílabækur
- Ⓢ blýantar og pennar
- Ⓢ strokleður og yddari
- Ⓢ reglustika
- Ⓢ gráðubogi
- Ⓢ hringfari
- Ⓢ vasareiknir

Ágætt er að hafa einhverja trélitu meðferðis í töskunni



9.-10. bekkur

- ④ 3 stílabækur A5
- ④ 3 stílabækur A-4 með rifgötum
- ④ 3 plastmöppur
- ④ 2 reikningsbækur A4 eða laus blöð
- ④ gráðubogi, reglustika og góður vasareiknir

Afar æskilegt er að nemendur í 9.-10. bekk hafi aðgang að dönskum og enskum orðabókum á heimili.

